



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

164. FUNDUR SKÓLANEFNDAR

5. SEPTEMBER 1991

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Guðjón Kristjánsson, Kristbjörn Albertsson, Jón Sæmundsson, Þorvaldur Sigurðsson og Hjálmar Árnason, skólameistari

Dagskrá: 1. Kennararáðningar
2. Upphaf haustannar 1991
3. Byggingamál
4. Flugliðabraut og örlög hennar
5. Gjald í öldunagdeild á haustönn 91
6. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kennararáðningar.

Vegna fjölda nemenda og heimildar fyrir ráðningu sérkennara verður að ráða tvo nýja kennara til starfa. Um stöðu félagsfræðikennara sótti Eiríkur Hilmarsson og um stöðu sérkennara sótti Valborg Oddsdóttir. Skólameistari mælir með ráðningu þeirra og skólanefnd samþykkir hana.

2. Upphaf haustannar 1991.

Þessi önn er söguleg vegna byggingaframkvæmdanna og fjölda nemenda. Í fyrsta sinn hefur orðið að vísa nemendum frá. Umsóknir um skólavist þurftu að hafa borist fyrir 6. júní og þá var strax ljóst að nemendafjöldinn yrði óvenjumikill. Skólastjórn samþykkti þá vinnureglu að taka inn þá sem fyrstir væru í biðröð og sóttu um áfanga sem pláss var í. Um 40 nemendum varð að hafna, en þeir eiga þó smámöguleika eftir 9. september ef einhverjir sem hafa greitt skólagjald koma ekki í skólann. Nýtt fyrirkomulag innheimtu innritunargjalda reyndist mjög vel, en innheimt var með gíróseðlum í sumar. Auk þessara 40 nemenda sem sótt höfðu formlega um og var hafnað var nokkur fjöldi sem kom eða hringdi í haust en taldi tilgangslaust að sækja um.

Nemendur í dagskóla eru um 660, allir verknámshópar eru nú yfirfullir og meðalhópastærð var 18.9 nemandi í upphafi annar sem er óvenjustór tala. Kennslustofur skólans eru allt of fáar fyrir þennan nemendafjölda, því var einum kennslustuðli bætt

í töflu og er nú kennt alla daga til kl. 16.30. Þá vantar um 50 borð og stóla. Þessum fjölda nemenda fylgir smáaukning kennslukvóta, en kennslumagn og fjármagn er ekki í neinu samræmi við raunveruleikann og virðist einhver reikningsskekkja vera í útreikningum ráðuneytis. Reiknað er með um 150 nemendum í öldungadeild. Formaður spyr hvort reikna megi með að augin ráðgjöf hafi skilað sér í aukinni sókn í verknám og telur skólameistari engan vafa á því ásamt þeirri staðreynd að stærra hlutfall nemenda úr árgangi sækir nú í skólann.

3. **Byggingamál.**

Vegna veðurs eru framkvæmdir um það bil viku á eftir áætlun. Stefnir er að því að koma byggingunni undir þak fyrir áramót. Þessar framkvæmdir koma til með að trufla skólastarf. Þær eru hávaðasamar, bílastæðum hefur fækkað og öðrum innganginum hefur verið lokað vegna slysaþættu. Fjáröflun hefur verið tímafrek en allt stefnir í að þeirri vinnu ljúki í þessum mánuði.

4. **Flugliðabraut og örlög hennar.**

Ráðuneytið hefur skipað þriggja manna nefnd til að skipuleggja framtíð flugliðabrautar. Allt bendir til að hún verði ekki á vegum FS í framtíðinni.



5. **Gjald í öldungadeild á haustönn 1991.**

Skólameistari leggur til að gjald í öldungadeild verði 9.500 kr. á þessari önn og samþykkir skólanefnd það.

6. **Önnur mál**

- a) **Netagerðarbraut** verður ekki starfrækt á þessari önn í samráði við kennara brautarinnar og ráðuneyti. Ástæður þessarar ákvörðunar eru einkum tvær, nemendur eru of fáir og unnið er að endurskipulagningu námskrár. Unnið hefur verið að uppbyggingu **málmsuðubrautar** við FS. Brautin fer af stað ef 7 eða fleiri sækja um hana.
- b) **Skólaakstur** hefur oft verið til vandræða. Ákveðið hefur verið að koma á nýju fyrirkomulagi. Nemendur kaupa sér nú **FARKORT FS/SBK** sem gildir út önnina.
- c) **Akstur fyrir fatlaða nemendur** í FS er í athugun.
- d) Umræða um fyrirhugaða **busavíglu**.

Fleira ekki gert og fundi slitið

 Sigríður Jóhannesdóttir formaður	 Hulda Björk Þorkelsdóttir fundarritari
--	---

100/41
Þessi er flugheimis-
matinn.

TILBOÐ Í REKSTUR FLUGSKÓLA

Sei -

Skóli fyrir bóklegt og verklegt atvinnuflugnám
(AB INITIO þjálfunarnámskeið)

Kröfum, sem gerðar eru til skírteinishafa, er unnt að fullnægja auðveldar og skjótar af þeim umsækjendum sem taka þátt í vel stjórnðum, skipulögðum, samfelldum þjálfunarnámskeiðum samkvæmt fyrir fram ákveðnum námsskrám (AB INITIO þjálfunarnámskeið, sbr. ICAO Doc 9401-AN/921 "Manual on Establishment and Operation of Aviation Training Centers"). Því hefur verið gert ráð fyrir minnkun krafna um reynslu til útgáfu vissra skírteina og áritana fyrir umsækjanda sem hefur á fullnægjandi hátt lokið slíku námskeiði.

(Útdráttur úr Reglugerð um skírteini
gefin út af Flugmálastjórn, gr. 1.2.7.1.)

Skóli fyrir bókleg fræði til atvinnuflugprófs hefur um áráðil verið rekinn af Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samvinnu við Flugmálastjórn, fyrst í Keflavík, en hin síðari ár á Reykjavíkurflugvelli. Leiðbeinendur í bóklegum fræðum hafa verið ýmsir, flestir starfandi í flugi eða tengdum greinum. Verklegt flugnám hefur hins vegar ekkert verið innan vébanda skólans.

Flugmálastjórn telur æskilegt að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig, að samtvinnuð verði bókleg og verkleg flugkennsla til atvinnuflugprófs. Það er í samræmi við það sem tíðkast víðast erlendis og mælt er með af ICAO - Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Óskað er tilboða í rekstur skóla fyrir bóklegt og verklegt atvinnuflugnám (AB INITIO þjálfunarnámskeið) í samræmi við neðangreindar forsendur.

Í tilboðinu komi fram:

- a) áætlaður kostnaður á nemanda, 49.000,- 2 =
- b) yfirlit yfir kennslu- og próftilhögun.
- c) skipulag kennslu og kennaraliðs,
- d) flugkostur, hjálpartæki og kennslugögn,
- e) húsnæði og aðstaða,
- f) önnur atriði sem máli skipta.

Forsendur eru eftirfarandi:

- 1) Flugmálastjórn mun láta í té húsnæði til bóklegrar kennslu á Reykjavíkurflugvelli.
- 2) Gert er ráð fyrir að allir eða flestir þeir leiðbeinendur sem starfað hafa við bóklega kennslu hingað til muni starfa áfram og þá hjá hinum nýja flugskóla.
- 3) Flugskólinn leggur til kennara til viðbótar, sem og flugvélar og önnur hjálpargögn til kennslu.
- 4) Miðað er við að einn yfirkennari, með menntun flugkennara, stjórnari og beri ábyrgð á allri kennslunni. ?
- 5) Námsfni, námslengd, próf, verðlagning og tilhögun öll er háð eftirliti og samþykki stjórnunarnefndar á vegum Fjölbautaskóla Suðurnesja og Flugmálastjórnar.
- 6) Flugskólinn starfi sem nánast í samræmi við ICAO "Manual on Establishment and Operation of Aviation Training Centres" Doc 9401-AN/921. +
- 7) Námskrá miðast við ICAO - Training Manual, Doc 7192-AN/857, Part B-5 "Integrated Commercial Pilot Course".
- 8) Gera má ráð fyrir styrk frá Menntamálaráðuneyti til kennslunnar að upphæð kr. 1.000.000 árlega á núvirði.
- 9) Stefnt er að því að kennsla hefjist eigi síðar en haustið 1991 og námstími verði um eitt ár.
- 10) Inntökuskilyrði í skólann verði sömu og nú gilda til inngöngu á flugliðabraut. Gert er ráð fyrir í AB INITIO þjálfunarnámskeiði að kennsla hefjist með námi til einkaflugprófs. Gera skal ráð fyrir að nemendur með einkaflugpróf annars staðar frá geti hlotið framhaldsmenntun í skólanum. ?
- 11) Leitað verður viðurkenningar Lánasjóðs Íslenskra námsmanna á náminu, svo að það verði lánshæft.
- 12) Miðað er við það að nemendur ljúki tilskyldum flugtíma á flugvélar flugskólans, a.m.k. eftir einkaflugpróf.
- 13) " Miðað er við um 20 nemendur árlega og skólinn skal hafa yfir að ráða hentugu húsnæði, flugkosti, hjálpartækjum og aðstöðu til verklegs flugnáms. 25 "

- 14) Fyrirhugað er til að byrja með að gera samning við hlutaðeigandi aðila (flugskóla) til þriggja ára.
- 15) Kennsla fari að jafnaði fram að degi til á eðlilegum vinnutíma.
- 16) Gengið er út frá því að skólinn einbeiti sér að AB INITIO þjálfunarnám-skeiði sínu og stundi ekki aðra flugkennslu utan þess ramma sem það setur.
- ✓ 17) Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla kröfur Reglugerðar um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nr. 344/1990, til þess að:
 - a) hljóta atvinnuflugmannsskírteini/flugvél og blindflugsréttindi (fullnægja kröfum reglugerðar um þekkingu og menntun, þ.m.t. stúdentspróf, reynslu þ.m.t. 150 klst. fartíma, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang), og
 - b) fullnægja ákvæðum um þekkingu og menntun til þess að hljóta atvinnuflugmannsskírteini I. flokks/flugvél.

Reykjavík, 25. janúar 1991

Flugmálastjóri

26/8 91